

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október í máli nr. E-10271/2004:

Van Straaten B.V.

(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Friðriki Rafni Larsen

Bros auglýsingavörum ehf

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. september sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af Van Straaten BV, Schipolweg 939, 2143 CE Boesinghelied, Hollandi, á hendur Brosi, auglýsingavörum ehf., Síðumúla 33, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu hinn 25. nóvember 2004.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða 30.670,91 EUR, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, af 410,49 EUR frá 7. desember 2000 til 1. maí 2001, en af 756,27 EUR frá þeim degi til 8. maí 2001, en af 5.187,72 EUR frá þeim degi til 14. maí 2001, en af 6.152,00 EUR frá þeim degi til 21. maí 2001, en af 6.638,45 EUR frá þeim degi til 30. maí 2001, en af 8.044,03 EUR frá þeim degi til 20. júní 2001, en af 8.254,58 EUR frá þeim degi til 27. júní 2001, en af 8.980,63 EUR frá þeim degi til 2. júlí 2001, en af 11.066,21 EUR frá þeim degi til 5. júlí 2001, en af 15.210,13 EUR frá þeim degi til 20. júlí 2001, en af 15.636,68 EUR frá þeim degi til 24. júlí 2001, en af 21.328,56 EUR frá þeim degi til 26. júlí 2001, en af 21.757,38 EUR frá þeim degi til 31. júlí 2001, en af 23.921,55 EUR frá þeim degi til 2. ágúst 2001, en af 28.070,87 EUR frá þeim degi til 16. ágúst 2001, en af 29.404,98 EUR frá þeim degi til 31. ágúst 2001, en af 30.475,79 EUR frá þeim degi til 4. september 2001, en af 30.571,08 EUR frá þeim degi til 11. september 2001, en af 30.670,91 EUR frá þeim degi til greiðsludags. Þá var krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2001, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti auk málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda voru þær aðallega, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað, en til vara að krafa stefnanda yrði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Hinn 27. október 2005 var kveðinn upp dómur í máli þessu í Héraðsdómi Reykjavíkur, sem var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Með dómi Hæstaréttar hinn 18. maí 2006 var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

II

Umdeild skuld er samkvæmt 30 framlögðum reikningum stefnanda vegna viðskipta málsaðila með ýmiss konar vörur og þjónustu, aðallega prentuð merki og flögg, á tímabilinu 23. nóvember 2000 til 23. ágúst 2001. Reikningarnir eru útgefnir á fyrirtækið Fjölprent á Íslandi, en það fyrirtæki sameinaðist stefnda í júní árið 2003.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að Fjölprent ehf. hafi átt í viðskiptum við stefnanda á árunum 1997 fram til ársins 2001. Samskiptum aðila hafi lokið vegna ýmissa ágreiningsmála. Fjölprent ehf. og stefndi sameinuðust á miðju ári 2003.

Stefndi kveður viðskipti aðila hafa verið svokölluð reikningsviðskipti. Stefndi hafi greitt inn á viðskiptareikning stefnanda, í einstaka tilvikum ákveðna tiltekna reikninga, en í öðrum tilvikum án sérstakrar tilgreiningar. Stefndi hafi ekki sent stefnda reikningsyfirlit síðan á fyrri helmingi ársins 2001.

Stefndi kveðst hafa skuldað stefnanda fé samkvæmt síðasta reikningsyfirliti, sem honum hafi borist frá stefnanda, en á tímabilinu frá 1. febrúar 2001 til 26. september 2003 hafi stefndi greitt samtals 36.565,43 EUR í peningum til stefnanda auk þess sem stefndi hafi hafnað móttöku á vörum frá stefnanda, vegna galla á vörunum, að verðmæti samtals 9.445,31 EUR, og hafi sú fjárhæð verið skuldfærð á viðskiptareikning stefnda í fullu samkomulagi við framkvæmdastjóra hans. Samtals nemi þessar innborganir 46.010,74 EUR og miðað við það hafi stefndi ofgreitt stefnanda. Stefndi kveðst ítrekað hafa krafist stefnda um reikningsyfirlit, en án árangurs.

Stefndi kveðst hafa innt síðustu greiðslu af hendi til stefnanda að fjárhæð 10.000 EUR inn á reikning eiginkonu framkvæmdastjóra stefnanda, hinn 26. september 2003, en framkvæmdastjóri stefnanda hafi sagt stefndu að greiða inn á þann reikning, eða inn á reikningsnúmerið 253169607. Framkvæmdastjóri stefnda innti þessa greiðslu af hendi, persónulega, vegna þess að hann hafi tekið það að sér persónulega að halda fyrirtækinu skaðlausu af viðskiptum Fjölprents ehf. við stefnanda í framhaldi af samruna Fjölprents ehf. og Bross ehf. í júlí 2003.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á 30 reikningum vegna viðskipta málsaðila á tímabilinu frá 23. nóvember 2000 til 23. ágúst 2001, en á þeim tíma hafi stefndi keypt af stefnanda vörur og þjónustu. Skuldin hafi ekki verið greidd af stefnda.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga.

Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að viðskiptin hafi verið reikningsviðskipti og staða þeirra viðskipta komi því einungis rétt fram á viðskiptareikningi. Stefnandi hafi kosið að stefna málinu inn á grundvelli reikninga, án þess að geta innborgana stefnda og því komi raunveruleg staða viðskipta aðila ekki fram í þeim gögnum sem stefnandi byggi kröfu sína á. Þetta komi glögglega fram á þeim greiðsluskjölum sem stefndi leggi fram í málinu, en þar séu ýmist tilgreind númer á reikningum eða ekki. Framlögð greiðsluskjöl stefnda til stefnanda nemi samtals hærri fjárhæð en umkrafðir reikningar.

Innborganir stefnda á tímabilinu 21. febrúar 2001 til 11. júlí 2001 hafi numið samtals 26.565,43 EUR. Verðmæti vara sem hafnað hafi verið af stefnda hafi numið 876.147 krónum, sbr. dskj. nr. 13, dagsett 20. september 2001, og miðað við gengi EUR á þeim degi, nemi sú fjárhæð 9.445,31 EUR. Þeim vörum hafi verið fargað af stefnda eftir beiðni stefnanda, þar sem stefnandi hafi talið þá aðferð betri en að endursenda vörurnar. Samtals hafi stefndi greitt stefnanda hærri fjárhæð en nemi stefnufjárhæð.

Varakröfu sína byggir stefndi á sáttaboði að fjárhæð 6.602,90 EUR, auk vaxta samkvæmt íslenskum vaxtalögum, sem stefndi hafi boðið stefnanda án viðurkenningar á greiðsluskyldu.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda. Greiðslukrafa stefnanda hafi verið sett fram í bréfi dagsettu 31. ágúst 2005 og eigi dráttarvextir að reiknast frá þeim degi samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Mótmælir stefndi að gildi hins staðlaða texta sem fram komi á reikningum hafi verið gildandi í viðskiptum aðila.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar auk ákvæða 28. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Óumdeilt er að málsaðilar áttu í viðskiptum og keypti stefndi af stefnanda ýmsar vörur og þjónustu. Samkvæmt framburði fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnda við aðalmeðferð málsins hafði stefndi keypt þær vörur og þegið þá þjónustu sem krafist er greiðslu fyrir í málinu samkvæmt framlögðum reikningum.

Stefndi byggir á því að um reikningsviðskipti hafi verið að ræða og hafi allir umkrafðir reikningar verið greiddir. Auk þess sem þurft hafi að farga vörusendingu frá stefnanda, sem hafi verið gert með hans samþykki, og hafi andvirði þeirrar sendingar átt að koma til frádráttar skuld stefnda við stefnanda. Einnig hafi stefndi greitt 10.000 EUR inn á reikning nr. 253169607.

Við aðalmeðferð málsins, hinn 27. október 2005, óskaði stefndi eftir að koma að þeirri málsástæðu, að á því sé byggt að stefnandi eigi ekki lengur þá kröfu sem hann byggir dómkröfu sína á í málinu, sbr. dskj. nr. 35, þar sem staðfest sé að saldo á viðskiptareikningi stefnda sé 0 evrur og því sé um að ræða aðildarskort stefnda. Lögmaður stefnda mótmælti því að stefndi kæmi að nýrri málsástæðu þar sem hún væri of seint fram komin.

Í greinargerð stefnda var skorað á stefnanda að leggja fram viðskiptareikning Fjölprents ehf., en það fyrirtæki var sameinað stefnda hinn 1. janúar 2003, eins og að framan greinir. Stefnandi varð við þessari áskorun hinn 24. maí 2005 og lagði fram viðskiptayfirlit á dskj. nr. 35, sem sýndi að 31. desember 2003 hafi verið færð ráðstöfun 30 krafna, samtals að fjárhæð EUR 30.670,91, sem er stefnufjárhæðin. Texti hvernar færslu er: „Til minnis...millifærsla Fjölprent til Guni”, en þar mun vera átt við Gunigroup B.V. Investors. Að þessum færslum loknum var skuld stefnda við stefnanda tiltekin 0,00.

Samkvæmt 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, skulu málsástæður og mótmæli koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíka yfirlýsingu til greina nema með samþykki gagnaðila. Þegar það er virt, að stefnandi lagði fram umræddan viðskiptareikning að áskorun stefnda í þinghaldi eftir að greinargerð hafði verið lögð fram, svo og það að fyrirvarsmaður stefnda gaf ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins, eins og boðað hafði verið, verður að telja að málsástæða stefnda um aðildarskort, sem sett var fram við aðalmeðferðina, sé ekki of seint fram komin. Hins vegar liggur frammi yfirlýsing stjórnanda fyrirtækisins Gunigroup B.V. Investors, um að krafan hafi aftur verið framseld til stefnda hinn 1. janúar 2004. Samkvæmt því er stefnandi réttur aðili málsins og verður því ekki fallist á að sýkna beri stefnda vegna aðildarskorts.

Eins og að framan greinir byggir stefndi og á því að krafan hafi verið greidd stefnda. Í málinu nýtur aðeins við fullyrðinga fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnda, sem og starfsmanna stefnda, um að farga hafi þurft vörusendingu frá stefnanda. Gegn neitun stefnda er því með öllu ósönnuð sú fullyrðing stefnda að þetta hafi verið gert með samþykki stefnda og andvirði vörusendingar að fjárhæð 9.445,31 EUR eigi að koma til frádráttar stefnufjárhæðinni. Kemur þá til skoðunar hvort greiðsla að fjárhæð 10.000 EUR, sem stefndi innti af hendi inn á reikning nr.

253169607, eigi að koma til lækkunar dómkröfum, eins og stefndi heldur fram. Samkvæmt framlögðum greiðsluseðli var greiðsla þessi innt af hendi inn á reikning í eigu Van Straaten en ekki stefnanda og kemur þar ekkert fram fyrir hvað verið er að greiða. Þar sem ekki liggur fyrir að umrædd innborgun hafi borist stefnanda, er ekki unnt að fallast á, gegn neitun stefnanda, að um greiðslu á skuld stefnda við stefnanda hafi verið að ræða.

Með því að ekkert er fram komið sem sýnir fram á að stefndi hafi greitt stefnanda umkrafða skuld, samkvæmt framanrituðu, verður krafa stefnanda á hendur stefnda tekin til greina eins og hún er fram sett. Framlagðir reikningar stefnanda bera með sér að gjalddagi þeirra sé 14 dögum frá útgáfudegi og krefst stefnandi dráttarvaxta frá gjalddaga. Samkvæmt bréfi framkvæmdastjóra stefnanda, sem lagt var fram hinn 31. maí sl., kemur hins vegar fram að ekki hafi verið innheimtir vextir af skuldum stefnda í viðskiptum aðila. Með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, verður stefndi dæmdur til þess að greiða dráttarvexti af kröfunni mánuði eftir dagsetningu innheimtubrúfs, eða frá 23. september 2004.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Bros, auglýsingavörur ehf., greiði stefnanda, Van Straaten B.V., 30.670,91 EUR, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 23. september 2004 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir